Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1372
komudagur 5.3.2007

2.3.2007

**Fyrirspurn til menntamálanefndar:**

Stjórn Iðnnemasambands Íslands spyr menntamálanefnd Alþingis um hvernig sé ástatt með frumvarp til æskulýðslaga (þingskj. 460).

Málið kom til kasta nefndarinnar 29.janúar síðastliðinn og hefur verið til umfjöllunar hjá nefndinni eftir að frestur til umsagna rann út síðan 16.febrúar.

Stjórn INSÍ vill vekja athygli nefndarinnar á því að lögin skipta æskulýðsfélög í landinu mjög miklu máli þar sem núgildandi lög frá 1961 eru fyrir löngu orðin úrelt. Stjórn INSÍ áréttar mikilvægi málsins fyrir æskulýðssamtök í landinu. Það er óviðunandi að málaflokkurinn verði ekki afgreiddur á þessu þingi. Frumvarp þetta og afgreiðsla þess skiptir æskulýðssamtök máli.

Vonandi mun verða hreyfing á málinu næstu daga.

Virðingarfyllst,

stjórn Iðnnemasambands Íslands

Með bestu kveðju
Guðni Rúnar Jónasson
Formaður Iðnnemasamband Íslands